

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur  
Kjarna  
650 Laugar



Reykjavík 4. febrúar 2016  
UST201601-061/K.S.J.  
10.04.03

### Efni: Lýsing. Óskipt land Voga, Skútustaðahreppi.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 8. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi óskipts lands Voga í Skútustaðahreppi.

Fram kemur í lýsingu að í landi Voga eru merkar náttúruminjar. Vegna vaxandi ferðaþjónustu og ásókn í að skoða náttúruminjar, ráðgera landeigendur að byggja upp og bæta aðstöðu við náttúruminjar í landi Voga.

#### Náttúruminjar

Við eftirfarandi þekktar náttúruminjar, er áætlað að byggja upp aðkomu, bílastæði ásamt snyrtiaðstöðu, gönguleiðir, o.fl.: Grjótagjá, Vogagjá, Lúdentsborgir, Lofthelli og á svæði norðaustan Grjótár.

Umhverfisstofnun bendir á að árið 2004 gaf stofnunin út tillögur um friðlýsingar náttúruminja í Skútustaðahreppi í samráði við Náttúrufræðistofnun, en í lögum nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár segir að Umhverfisstofnun skuli undirbúa friðlýsingar á landsvæðum sem ekki falla undir gildissvið laganna en eru eigi að síður mikilvæg fyrir lífríki Laxár og Mývatns eða vegna merkra jarðmyndana og landslagsgerða. Lögð var áhersla á eftirfarandi jarðminjar:

1. Hálendi Skútustaðahrepps
2. Hverfjall/Hverfell, Dimmuborgir, Lúdent, Lúdents- og Þrengslaborgir, ásamt Laxárhraunum
3. Varmholtskjá, Grjótgjá og Stóragjá
4. Jarðbaðshólar
5. Leirhnjúkur, Hverir (Hverarönd ) við Námafjall og Eldá
6. Seljadalur og Þverdalur
7. Hólkotsgil
8. Jaðarrásir við Másvatn
9. Hólavatnaás
10. Búrfellshraun
11. Búsvæði fálka

Af ofangreindum náttúruminjum hafa Hverfjall, Dimmuborgir og Þrengslaborgir verið friðlýstar. Af öðrum ofangreindum náttúruminjum eru Grjótagjá, Lúdentsborgir, Lúdent, Jarðbaðshólar og Búrfellshraun, að hluta eða öllu leyti á áætluðu deiliskipulagssvæði.

Fyrir liggur því mat á framangreindum svæðum og sú niðurstaða að þau eru talin hafa mikið náttúruverndargildi. Því er æskilegt að mati stofnunarinnar að vinna við skipulag svæðanna sé í þágu verndar og að framkvæmdir dragi fram verndargildi þeirra.

### **Staðhættir og lög um náttúruvernd nr. 60/2013**

Eins og fram kemur í lýsingu er mikið um jarðminjar á ofangreindu svæði. Skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruminjar njóta eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma, sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr. sömu laga. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tekið sé tillit til náttúruminja er njóta sérstakrar verndar þegar unnið er deiliskipulag af svæðinu.

Stofnunin bendir einnig á að í 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að; „*Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.*“

### **Skipulagssvæðið**

Ofangreint skipulagssvæði nær til óskipts lands Voga sem er um 10.000 ha. Fram kemur í lýsingu að innan svæðisins eru samþykktar skipulagsáætlanir fyrir Jarðböðin, Bjarnarflagsvirkjun og friðað svæði um Hverfjall, og að þessi svæði verði undanskilin í deiliskipulaginu.


### **Aðalskipulag**


Umhverfisstofnun tekur undir almenna skilmála um hverfisverndarsvæði í gildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að allar lausnir um fráveitu miði að því að draga úr álagi á vatnið. Stofnunin minnir á að fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Ádalbjörg B. Guttormsdóttir  
Teymisstjóri